

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

340. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 22.08.2014, kl.12:00.

Mættir eru:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Karen Halldórsdóttir. Guðmundur Geirdal boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Hálfis árs uppgjör

Framkvæmdastjóri kynnir árshlutauppgjör kannað af KPMG. Árshlutauppgjórið rætt. Stjórn staðfestir árshlutauppgjórið.

2. Samanburður rekstrar og áætlunat janúar – júní 2014

Framkvæmdastjóri fer yfir rekstur fyrstu 6 mánaða ársins í samanburði við áætlun sama tímabils.

3. Forsendur rekstraráætlunar 2015 - 2019

Framkvæmdastjóri kynnir drög að forsendum rekstraráætlunar SORPU bs. 2015 – 2019 ásamt forsendum SSH fyrir byggðasamlagið SORPU bs. Málið rætt. Forsendur verða ræddar frekar á eigendafundi þann 1. september næstkomandi.

4. Bréf Metanorku ehf. til stjórnarmanna SORPU bs.

Bréf Metanorku ehf. dagsett 18. ágúst 2014 til stjórnarmanna SORPU bs. vegna gas- og jarðgerðarstöðvar tekið fyrir þar sem óskað er eftir fundi með stjórn. Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við bréfitara.

5. Bréf Gámaþjónustunnar hf. til stjórnarmanna SORPU bs. o.fl.

Bréf Gámaþjónustunnar hf. dagsett 16. júlí 2014 er varðar „Samskipti Gámaþjónustunnar hf. við SORPU bs. og Reykjavíkurborg“, til stjórnarmanna SORPU bs. tekið fyrir. Framkvæmdastjóri kynnir forsögu kærumála, úrskurða Samkeppniseftirlits og Innanríkisráðuneytis s.s. samning við Sorpstöð Suðurlands bs., ákvæði í stofnsamningi SORPU um arðgreiðslur og ákvarðanir stjórnar um gjaldskrá.

Næsti fundur stjórnar er eigendafundur þann 1. september næstkomandi kl.10:30 og síðan kynningarfundur þann 12. september.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13:30.

Fundarritari Sigríður Björg Einarsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson
Hafsteinn Pálsson
Halldór Auðar Svansson
Jóna Sæmundsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Karen Halldórsdóttir
Guðmundur Geirdal
Björn H. Halldórsson
Bjarni G. P. Hjarðar
Sigríður Björg Einarsdóttir